

Frá umræðu til aðgerða í málefnum aldraðra

Morgunblaðið 22.nóvember 2006

Umræða um skort á þjónustu við aldraða var farin að hljóma kunnuglega í eyrum landsmanna snemma á 9. áratugnum. Sagt er að allt hafi sinn tíma. Eigi vandamál að komast á dagskrá stjórnmalanna og fá þar varanlega lausn er talið að þrennt þurfi að fara saman: óleyst vandamál sem flestir eru sammála um að leysa þurfi, tiltekna aðstæður í heimi stjórnmalanna og hugmynd að fýsilegri lausn.

Vandamál aldraðra eru nú enn og aftur til umræðu. Í heimi stjórnmalanna ráða kosningar og einstaka pólitískir leiðtogar miklu. Úrlausnir byggja hins vegar á hugmyndum sem eiga sér oft langa sögu í heimi reynslu og þekkingarþróunar. Þó frumkvæði að aðgerðum sé jafnan í höndum stjórnmalamanna ræðst sú lausn sem fyrir valinu verður oftast af stöðu þekkingarinnar og þeim hugmyndum sem þar eru uppi þegar hið pólitíska færi gefst.

Í kjölfar umræðna um málefni aldraðra á 9. áratugnum hófst, árið 1989, umfangsmikil endurskipulagning á þjónustunni við aldraða í Reykjavík. Ellimáladeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar varð að Öldrunarþjónustudeild. Undir þessa nýju deild var sameinuð öll þjónusta borgarinnar við aldraða í Reykjavík, m.a. félagsleg ráðgjöf, heimaþjónusta og rekstur félags- og þjónustumiðstöðva, þjónustuíbúða, dagvista og dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra í eigu borgarinnar. Starfsemi þessarar nýju deildar varð sýnilegri með hverju ári. Nýjar þjónustuíbúðir og félags- og þjónustumiðstöðvar voru teknar í notkun, starfsfólki með þekkingu og reynslu af þjónustu við aldraða fjölgaði og fagleg þekking á sviði öldrunarfræða innan öldrunarþjónustu borgarinnar efldist. Þar var að safnast saman á einum stað sérþekking á framkvæmd, rekstri og stjórnun verkefna á öllum stigum félagslegrar þjónustu við aldraða. Starfsmenn deildarinnar veittu m.a. ráðgjöf við uppbyggingu öldrunarþjónustu annarra sveitarfélaga og við stefnumótun í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Framsýni og markviss skref sem borgin hafði tekið í þróun félagslegrar þjónustu við aldraða varð fyrirmynd annarra sveitarfélaga, og sú sérþekking sem þar var að þróast eftirsótt.

Árið 1994 kom inn nýr félagsmálastjóri borgarinnar og lýsti því yfir að hún stefndi að því að leggja niður þessa öldrunarþjónustudeild. Hugmyndina um eitt samfélag fyrir alla átti að útfæra í þjónustu þar sem “one size fits all”. Starfsemi deildarinnar var sameinuð annarri starfsemi Félagsþjónustunnar í Reykjavík og hún því lögð niður sem sérstök deild. Sú samsöfnun sérþekkingar sem var að myndast innan deildarinnar leystist upp og merkingar sem gáfu til kynna að þar væri þjónusta sérstaklega ætluð fyrir “aldraða” voru afmáðar. Þessi aðgerð er dæmi um það hvernig brotlenda má góðri hugmyndafræði í framkvæmdinni.

Ef þróun læknisfræðinnar hefði byggst á “one size fits all” aðferðinni byggjum við ekki að þeim framförum læknávisindanna, sem við gerum í dag. Þar er samsöfnun reynslu og sérþekkingar lykilatriði í þekkingarsköpun og framþróun þjónustunnar. Öldrunarlækningadeild LSH á Landakoti sem varð til við sameiningu Landakotsspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur 1995 er dæmi um slíka samsöfnun þekkingar og reynslu, og er eitt af flaggskipum sameiningarsögu sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Í heimi stjórnmalanna hefur nú dregið til tíðinda í málefnum aldraðra. Á meðan nýjum félagsmálastjóra var í tíð R-listans látið það eftir að leggja niður öldrunarþjónustudeild og afmá flest ummerki um sérstaka þjónustu fyrir aldraða, hafa nýjir valdhafar borgarinnar sett þjónustuna við aldraða í forgang og hyggjast nú “hugsa stórt, horfa langt og byrja strax”. Þá vill svo til í hinum pólitíska heimi að stjórnmal fara saman hjá ríki og borg, og eflaust ætla menn að nú sé lag og að tími góðra hugmynda sé kominn. Í stóra heimi hugmyndanna er áfram leitað leiða til að mæta þörfum aldraðra fyrir margvíslega þjónustu. Samkeyrsla heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu er nú í flestum löndum hins vestræna heims í forgangi. Leitast er við að þróa meiri sveigjanleika í framkvæmd þjónustunnar, miða þjónustu við einstaklingbundnar aðstæður hverju sinni, og byrja ávallt á lægsta mögulega þjónustustigi. Ljóst er að öldrunarþjónusta heyrir til takmarkaðra gæða og mun alltaf þurfa að byggjast á umtalsverðu framlagi og samstarfi starfsfólks með sérstaka kunnáttu og reynslu.

Til að ná betri samþættingu þessarar þjónustu á Íslandi er nú rætt um að færa heilsugæslu og málefni aldraðra frá ríki til sveitarfélaga. Eflaust má segja að nú sé pólitískt lag fyrir slíka breytingu í Reykjavík, en óhætt er að fullyrða að högum aldraðra hefði verið betur borgið við yfirtöku borgarinnar

á svo margbrotinni þjónustu ef sérþekking á málefnum aldraðra hefði fengið að þróast áfram innan sérstakrar deildar.

Kosningar koma jú málum á dagskrá stjórnmalanna. En hvað þarf til í heimi hugmyndanna til að tími heildstæðrar öldrunarþjónustu komi á ný? Er góð viðskiptahugmynd e.t.v. allt sem þarf? Eða hvernig er búið að mannlegri reisu og friðhelgi einkalífs? Og hvernig er jöfnuður tryggður og valfrælsi útfært í þjónustu við aldraðra?